



Saursýnataka - leiðbeiningar

Hvers konar sýnaglös skal nota?

Við saursýnatökur er æskilegt að nota sýnaglös með flutningsæti (s.s. Cary-Blair), en séu þau ekki til staðar má notast við sýnaglös án ætis.

Hvernig fer sýnataka fram?

Þar eð leit að bakteríum og sníkjudýrum fer fram á sýkla- og veirufræðideild LSH (SVEID) við Barónsstíg, en veiruleit á SVEID í Ármúla 1a þarf að taka sýni í **tvö glös**.

Í Gæðahandbók sýkla- og veirufræðideildar LSH (SVEID) má finna eftirfarandi leiðbeiningar um sýnatökur:

Sýnataka: Ýmsar aðferðir hafa verið notaðar við saursýnatöku. Hægðir má losa í hreina bekju eða í kopp sem skolaður hefur verið með sjóðandi vatni. Ef koppur er ekki við hendina, má losa hægðir á pappír eða plastfilmu sem límd er á klósettsetu. Einnig má leggja pappadisk eða skál í salernisskálina, eða kljúfa plastpoka til að fá stóra plastfilmu sem lögð er á milli salernisskálar og setunnar, þannig að filman myndi einskonar skál í salernisskálinni. Notið einnota hanska þegar sýnið er tekið. Ef um niðurgang er að ræða skal taka sýnið frá fljótandi hægðum. Ef slím, blóð eða gröftur er til staðar skyldi taka sýni þaðan.



Magn sýnis: 2 ml (svarar til 10–20% af flutningsætinu).

Sending sýnis: Best er að sýnin berist sem fyrst á rannsóknarstofuna (sýkla- og veirufræðideild LSH við Barónsstíg eða í Ármúla 1a). Sýni sem ekki er hægt að rannsaka innan 24 klst. frá töku skal geyma í kæli (2–8°C) og rannsaka innan fimm daga.

Hversu langan tíma tekur að fá svar við rannsókn?

Búast má við niðurstöðum úr rannsóknum sem byggjast á mögnun erfðaefnis (PCR) samdægurs eða næsta virka dag, en ræktun eftir 2–3 sólarhringa.